

AUKAÁRSFUNDUR 22. JÚNÍ 2017

1. Setning aukaársfundar
2. Breytingar á samþykktum
3. Önnur mál


2. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

INGI BJÖRNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI OG
EINAR INGIMUNDARSON, LÖGFRÆÐINGUR

- Krafa um samræmingu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins hefur lengi verið hávær.
 - »Viðmið opinbera kerfisins er að tryggja 76% af meðaltalsmánaðartekjum í lífeyri.
 - »Viðmið almenna kerfisins hefur verið 56% af meðaltalsmánaðartekjum sbr. 4. gr. laga nr. 129/1997:
 - „Lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skal fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst, þó ekki síðar en frá 70 ára aldri...”
- Kjarasamningur ASÍ og SA frá 21. janúar 2016 hefur það meðal annars að markmiði að ná þessari samræmingu.

- 3. gr. samningsins kveður á um hækkun á framlagi launagreiðenda
 - »Frá 1. júlí 2016: 8,5%
 - »Frá 1. júlí 2017: 10,0%
 - »Frá 1. júlí 2018: 11,5%
- Markmiðið að tryggja að einstaklingum á vinnumarkaði verði, við 67 ára aldur, tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir sem nemi 76% af meðaltals mánaðartekjum sem viðkomandi höfðu á starfsævinni.
 - »35% hækkun á ávinnslu lífeyrisréttar (úr 56% í 76%)

Hækkun framlags í þremur þrepum



- Í kjarasamningnum er einnig kveðið á um að einstaklingum verði:
 - » „heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi launagreiðanda í bundinn séreignasparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika.“
 - » „Með bundnum séreignasparnaði er átt við að settar eru þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði. Nauðsynlegt er að undirbúa þessa heimild vandlega. Annars vegar með tilliti til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyriskerfisins og hins vegar með tilliti til áhrifa þessa vals á réttindi til áfalla- og fjölskyldutrygginga og ævilangs lífeyris þannig að sjóðfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um samsetningu réttinda sinna.“
- **Bundin séreign skv. kjarasamningi = tilgreind séreign**
 - » Nýmæli sem ekki er fjallað um í lögum sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða.

- Ljóst frá upphafi að ákvæði kjarasamnings kölluðu á breytingar á lögum og samþykktum lífeyrissjóða
- Í samkomulagi ASÍ og SA frá 15. júní 2016 um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði segir meðal annars:
 - » „Ljóst er að núverandi löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða hefur ekki að geyma ákvæði sem heimilar sjóðsfélögum að ráðstafa hluta af skylduiðgjaldi í bundna séreign. Einnig er ljóst að tíminn fram til 1. júlí 2016 er ekki nægur til að lífeyrissjóðirnir geti sett upp gagnsætt og skilvirkt kerfi svo sjóðsfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um að ráðstafa hluta skyldutryggingariðgjalds í bundna séreign og áhrif þeirrar ákvörðunar á samsetningu réttinda sinna. Því er óhjákvæmilegt að fresta gildistöku þeirrar heimildar til 1. júlí 2017.“
 - » „Sá fyrirvari er settur við gildistöku þessa valréttar [þ.e. val um hvort viðbótarframlagi er ráðstafað séreign frekar en samtryggingu] að samkomulag hafi náðst við stjórnvöld um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem lífeyrissjóðunum verði gert kleift að stofna deildir sem taki við og varðveiti bundinn séreignasparnað.“

- Ekki er búið að breyta lögum en frumvarpsgerð er langt komin.
 - »Og þar er notast við heitið „tilgreind séreign“
- Ákveðið að stofna deild fyrir tilgreinda séreign og byrja móttöku í hana frá 1. júlí þrátt fyrir að lögum hafi ekki verið breytt
 - »Breytingatillögur á samþykktum byggja einkum á á drögum að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 129/1997, kjarasamningi ASÍ og SA frá 21. janúar 2016 og samkomulagi sömu aðila frá 15. júní 2016.

1. Stofnuð er ný deild sem ber heitið „tilgreind séreignardeild“. Deildir sjóðsins verða þá þrjár í stað tveggja áður.
2. Sett er heimild í samþykktir til að sjóðfélagi geti ráðstafað iðgjaldi umfram 12% í tilgreinda séreignadeild að uppfylltum ákvæðnum skilyrðum.
3. Nýr kafli bætist við samþykktirnar þar sem fram koma þær reglur sem gilda um tilgreinda séreignardeild.
 - » **Aðild.** Óska þarf sérstaklega eftir aðild
 - » **Iðgjöld.** Það sem er umfram 12% (að hámarki 3,5%)
 - » **Útgreiðslur.** Geta almennt hafist við 62 ára aldur
 - » **Tegund réttinda.** Séreign sem skiptist eftir ákvæðum erfðalaga
 - » **Annað.**

2.2. Sjóðurinn skiptist í ~~tvær~~ þrjár deildir, tryggingadeild sbr. B-hluta samþykktu þessara, ~~og~~ séreignardeild sbr. C-hluta samþykktu þessara og tilgreinda séreignardeild sbr. D-hluta samþykktu þessara. Halda skal fjárhag deildanna aðskildum. Rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt milli deilda í hlutfalli við umfang hverrar deildar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur. Séreignardeild og tilgreind séreignardeild ~~getur~~ geta boðið upp á eina eða fleiri sparnaðarleiðir. Rekstrarkostnaði skal skipt milli sparnaðarleiða í samræmi við umfang hverrar leiðar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Fjölga þarf deildum og veita skýra heimild til að nýja deildin geti boðið upp á mismunandi sparnaðarleiðir

16.1. Iðgjald til tryggingadeildar lífeyrissjóðsins skal vera ~~skv.~~ að lágmarki 12%. Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldastofni umfram 12% í tilgreinda séreignardeild sbr. D-kafla samþykktu þessara, enda sé mælt fyrir um slíkt í kjara- eða ráðningarsamningi ekki lægra en 12%. Komi ekki fram ósk frá sjóðfélaga um að framlagi umfram 12% sé ráðstafað í tilgreinda séreign skal því ráðstafað til tryggingadeildar. Iðgjald skal greitt af launum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 16.2. eða 16.3., og mynda þau rétt til tryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka iðgjald til tryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um, umfram ofangreint lágmark enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins.

- Svo ekki fari milli mála að fyrstu 12% fari í tryggingadeild og einnig þarf að koma skýr beiðni um það frá sjóðfélaga að það sem umfram er fari í tilgreinda séreign.
- Annars ráðstafað í Tryggingadeild

XI. Kafli

Um aðild og iðgjöld

31. Aðild

31.1 Þeir sem óska eftir aðild að tilgreindri séreignardeild skulu tilkynna það til sjóðsins með sannanlegum hætti eftir þeim reglum sem sjóðurinn setur og í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Sjóðfélagar geta með sama hætti tilkynnt að þeir óski eftir að hætta greiðslum í tilgreinda séreignardeild að hluta eða öllu leyti og rennur iðgjaldið þá til tryggingadeildar.

32. Iðgjöld

32.1 Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldsstofni umfram 12% í tilgreinda séreignardeild, enda sé mælt fyrir um slíkt í kjara- eða ráðningarsamningi.

32.2 Lífeyrissjóðurinn skal gera breytingar á ráðstöfun iðgjalds til samræmis við ákvörðun sjóðfélaga eins fljótt og kostur er og eigi síðar en tveimur almanaksmánuðum frá því að tilkynning berst með sannanlegum hætti. Ákvörðun um breytingu á ráðstöfun iðgjalds til framtíðar hefur ekki áhrif á þegar ráðstafað iðgjald.

XII. Kafli

Lífeyrisgreiðslur, lífeyrisréttindi og annað í tilgreindri séreignardeild

33. Lífeyrisgreiðslur

33.1 Sjóðfélagi er heimilt að hefja úttekt úr tilgreindri séreignardeild frá 62 ára aldri og skulu greiðslur að lágmarki dreifast fram til 67 ára aldurs. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 173,5 stig.

33.2 Rétthafi, sem vegna örorku verður að hætta störfum áður en hann nær 62 ára aldri, á rétt á að fá inneign sína í tilgreindri séreignardeild greidda með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum.

Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr.

Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 173,5 stig.

34. Lífeyrisréttindi

34.1 Iðgjöld sem greidd eru í tilgreinda séreignardeild skulu vera séreign þess rétthafa er greiðir. Framlag í tilgreinda séreignardeild gefur ekki rétt til fyrirfram ákveðins lífeyris heldur skal útborgun úr sjóðnum vera í samræmi við inneign hvers og eins.

34.2 Við andlát rétthafa öðlast erfingjar hans rétt til innstæðunnar eftir reglum erfðalaga. Láti rétthafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús rétthafa án takmarkana 2. msl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

34.3 Rétthöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum í tilgreindri séreignardeild nema slíkt sé sérstaklega heimilað skv. lögum nr. 129/1997.

35. Annað

35.1 Stjórn sjóðsins er heimilt að bjóða upp á eina eða fleiri ávöxtunarleiðir í tilgreindri séreignardeild. Móta skal sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja einstaka ávöxtunarleið í samræmi við ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997. Ef boðið er upp á fleiri en eina ávöxtunarleið tilkynnir sjóðfélagi um val milli leiða með tilkynningu til sjóðsins á formi sem sjóðurinn ákveður. Bjóði sjóðurinn upp á fleiri en eina ávöxtunarleið fyrir getur sjóðfélagi óskað eftir flutningi á milli ávöxtunarleiða eftir þeim reglum sem stjórn sjóðsins setur.

35.2 Rekstur tilgreindrar séreignardeildar er fjárhagslega aðskilinn rekstri sjóðsins og annarra deilda. Sameiginlegum kostnaði skal skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti milli rekstrarþátta deilda sjóðsins. Heimilt er að varsla og reka eignasafn tilgreindrar séreignardeildar ásamt eignasafni annarra deilda sjóðsins. Sérhver deild á þá hlutfallslegt tilkall til eignasafnsins og tekur hlutfallslega þátt í kostnaði.

- Tilkynningarblað fyrir sjóðfélaga hefur verið útbúið og verður aðgengilegt á heimasíðu Stapa.
- »Nokkuð ítarlegt tilkynningarblað þar sem ráðstöfun í tilgreinda séreign þarf að byggja á upplýstri ákvörðun sjóðfélagans.
- Allt að 2% frá 1. júlí 2017 en 3,5% frá 1. júlí 2018.
- Stefnt er að því að bjóða upp á 3 ávöxtunarleiðir í tilgreindri séreign.
 - »Fyrst um sinn verður þó aðeins ein leið í boði.
- Tilgreind séreign skal greiðast til skyldutryggingarlífeyrissjóðs.
 - »Ekki hægt að greiða tilgreinda séreign í annan sjóð en þann sem tekur við 12% samtryggingarframlagi.
 - »Skýrt kveðið á um þetta í samkomulagi ASÍ og SA frá 15. júní 2016
- Upplýsingagjöf á heimasíðu
 - »Heimasíða Stapa verður nýtt til nánari upplýsingagjafar og verður leitast við að birta þar svör við þeim spurningum sem sjóðnum berast eftir því sem við á.

SPURNINGAR UM TILGREINDA SÉREIGN

3. ÖNNUR MÁL

